

5. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 05.10 2010, Végarði kl. 13.00

Allir aðalmenn sveitarstjórnar eru mættir til fundar.

Dagskrá:

1. Þróunarfélag Austurlands

Hafliði Hafliðason framkvæmdastjóri

2. Landsvirkjun

Georg Pálsson, Pétur Ingólfsson og Sigurður Guðni Sigurðsson

3. Íshestar

Einar Bollason

4. Önnur mál

Oddviti setti fund kl. 13.00

1. Þróunarfélag Austurlands

Hafliði Hafliðason framkvæmdastjóri Þróunarfélagsins var mættur til fundar við sveitarstjórn til að kynna starfsemi félagsins. Fram kom að hjá Þróunarfélaginu eru 4 störf í dag og verið að auglýsa eftir starfsmanni. Heildarvelta félagsins er um 55 millj. á ári og framlög aðildarsveitarfélaga um 13% af tekjum. Fyrir stuttu var tekin ný heimaíða í gagnið www.austur.is. Á síðunni eru vistaðir fleiri aðilar s.s SSA, Menningarráð Austurlands, Vaxtarsamningur, Atvinnuþróunarsjóður og Markaðsstofan. Eftir góðar umræður um starfsemi félagsins og ýmis atvinnuskapandi verkefni sem æskilegt væri að yrðu að veruleika var Hafliða þökkuð koman og yfirgaf hann fundinn.

2. Landsvirkjun

Frá Landsvirkjun voru mættir til fundar þeir Georg Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar, Pétur Ingólfsson verkefnisstjóri og Sigurður Guðni Sigurðsson deildarstjóri aflstöðva.

✓ **Végarður og sýningarstarfsemi 2010 og næsta sumar.**

Gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi sumarið 2011 og aðilar sammála um að sýningarstarfsemin og samstarf í Végarði sl. sumar hafi gengið vel.

✓ **Útskolun Ufsarlóns, vatnsbúskapur horfur-staða**

Skolað var úr Ufsarlóni í fyrsta skipti um mánaðarmót águst/september. Að mati LV gekk útskolun eðlilega fyrir sig og er talið að leðja hafi ekki sest í árfarveg Jökulsár að neinu marki. Vatnsbúskapur virkjunar er góður. Viðgerð á brú á Jökulsá í Fljótsdal er lokið.

✓ **Sauðfjárveikivarnarlína-Teigsbúðir**

Georg sagði sauðfjárveikivarnargirðingu hafa verið virka í sumar og staðfesti Þorvarður að girðingin hafi verið orðin fjárheld í byrjun júnímánaðar. Georg sagði kveðið á í samningi við verktaka sem sér um viðhald girðingarinnar, að hún ætti að vera orðin fjárheld þegar fé fer á fjall. Einhverjar kindur hafa farið á milli, einkum í Suðurdal.

Teigsbúðir eru með stöðuleyfi út árið 2011 og voru nýttar fyrir starfsemi Skriðuklaustursrannsókna í sumar.

✓ **Vinnubúðasvæði, frágangur**

Lokafrágangur er hafinn, en fram kom að Landsvirkjun gerir ráð fyrir að vakta svæðið á næstu árum og týna upp og ganga frá rusli sem finnst.

✓ **Vegir á virkjanasvæðinu**

Pétur Ingólfsson afhenti sveitarstjórn kort sem sýnir vegi og slóða á virkjanasvæðinu. Rætt um veghald þeirra virkjanaslóða sem ekki hafa verið aflagðir. Fljótsdalshreppur og Fljótsdalshérað þurfa að ræða saman um veghald slóða víð Þrælaháls, þar sem slóðinn liggur í báðum sveitarfélögunum. Minnst var á kvartanir ferða-og hreindýraveiðimanna yfir slóða við Kelduárlón, en hluti af eldra slóða fór undir lónið og áætlanir LV um að slóðin yrði lagfærð sumarið 2009 gengu ekki eftir, en málið er í vinnslu. Georg sagði frá því að heldarvegjalengd sem Fljótsdalsstöð hefur veghald á, er rúmlega 180 km.

✓ **Eftirfylgni skilyrða vegna leyfa fyrir Kárahnjúkavirkjun, Fljótsdalsstöð.**

Fulltrúar Landsvirkjunar sýndu glærur með upplýsingum um varnir við uppblæstri og fl. og telja að skilyrði séu uppfyllt utan þess að eftir sé að ganga frá 2 skýrslum. Oddviti sagði frá því að sveitarfélagið hefði fengið bréf frá Umhverfisstofnun þar sem beðið var um mat sveitarfélagsins varðandi það hvort skilyrði teldust uppfyllt, einnig hefði verið spurt um ýmsilegt er sneri að útgáfu leyfa og samskiptum sveitarfélagsins og Landsvirkjunar á framkvæmdatíma virkjunar. Sveitarfélagið hefði metið málið svo að skilyrði teldustu uppfyllt utan áður nefndra skýrslna og bent var á að rýmingaráætlun vegna mögulegs stíflurofs Ufsar-og Kelduárslóns væri ekki frágengin og fyrirsjáanleg vandræði með rýmingar boðun í Norður-og Suður dal vegna lélegs farsímasambands þar. Vildi oddviti að Landsvirkjun kæmi þar að málum.

✓ **Ýmislegt**

Rætt um upplýsingarskilti sem Landsvirkjun lét setja upp í sumar. Skilti eru úr lerki og áli og framleidd á Austurlandi og þykja hin smekkleigustu. Pétur minntist á að eftir væri að vígja listaverk (vindref) sem staðsettur er við Laugarfell og lagði til að það yrði gert um leið og nýr Laugarfellsskáli verður vígður. Við hönnunvinnu LV fyrir áningarstaðarins þar sem vindrefurinn er staðsettur voru markaðar gönguleiðir út frá staðnum og sagði Pétur að hann ætlaði að sjá til þess að sveitarfélagið fengi kortið sent. Það var þegið með þökkum og talið að kortið gæti nýst vel í hönnunurvinnu við frágang umhverfi Laugarfellsskála.

Sveitarstjórn og fulltrúar LV eru sammála um að gagnlegt er að hittast á fundi a.m.k. árlega til að fara yfir sameiginleg mál og ákveðið að halda því áfram. Fulltrúum LV var þökkun koman og yfirlit þeir fundinn.

3. Íshestar

Mættur til fundar var Einar Bollason framkvæmdastjóri Íshesta, ásamt Halldóru Eypórsdóttur, Hallgrími Þórhallssyni og Önnu Bryndísi Tryggvadóttur. Einar afhenti nýjan ferðabækling Íshesta og ræddi fyrirkomulag hestaferðanna í Fljótsdal, sagði samstarf um rekstur ferðanna hafa staðið í 19 ár og ferðirnar væru mikilvægur þáttur í rekstri Íshesta og oft uppantaðar. Með bættri aðstöðu s.s. byggingu nýs fjallaskála við Laugarfell ætti rekstur ferðanna að verða enn betur

tryggður, en Einar sagði að hann og stjórn félagsins vildu sjá betra utanumhald ferðanna og væri unnið að úrbótum á þeim atriðum sem talið væri að betur mættu fara. Í máli sveitarstjórnarmanna kom fram að uppbygging Laugarfellskála og áform um bættu aðstöðu í Fjallaskarði væri ekki síst hugsuð til að efla hestaferðastarfsemina, nýr Laugarfellskáli á að vera tilbúinn til notkunar næsta vor og undirbúningur vegna framkvæmda í Fjallaskarði stæði yfir. Gestir yfirgáfu fundinn um kl. 18.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.15

Gunnþórunn ritaði fundargerð

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)